

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hafa sveitarstjórnir Ásahrepps og Rangárþings ytra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Hrauneyjafossstöð og leitarmannahús Þóristungum.

Deiliskipulagið tekur til Hrauneyjafossstöðvar og leitarmannahúss að Þóristungum á Holtamannafrétti. Deiliskipulagið snýst m.a. um að staðfesta núverandi landnotkun á svæðinu. Mannvirki Hrauneyjafossstöðvar eru í Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Uppsett afl Hrauneyjafossstöðvar er allt að 210 MW og verður heimilt að stækka hana í 240 MW. Ef farið verður í þær framkvæmdir munu þær einungis felast í endurbótum á núverandi vélum og verða innanhúss. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Auk þess er fjallað um Þóristungur á Holtamannafrétti, mannvirki eru í Ásahreppi. Á staðnum er skáli og hesthús, gisting er fyrir 14 gesti. Mannvirki eru nýtt sem leitarmannahús og í langtímaleigu, einkum til veiðimanna. Heimilt er að byggja eitt hús til viðbótar og vera með gistingu fyrir allt að 40 gesti. Þóristungur er fjallasel skv. aðalskipulagi. Skipulagssvæðið er tvískipt og er um 173 ha að stærð.

Samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps 20. september 2023 og í sveitarstjórn Rangárþings ytra 13. september 2023.

Auglýsing um gildistöku skipulagsins hefur áður verið í birt í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 177/2024, útgefin 14. febrúar 2024. Með þessari birtingu fellur fyrri birting vegna málsins úr gildi.

Deiliskipulag, Sigöldustöð í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið tekur til Sigöldustöðvar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Skipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun og heimila stækkun stöðvarinnar. Í dag er virkjað rennsli 240 m³/s og afl Sigöldustöðvar er 150 MW. Framkvæmdir við stöðina hófust árið 1973 og var hún gangsett í byrjun árs 1978. Landsvirkjun áformar nú að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Auk þess verður stöðvarhús stækkað og frárennslisskurður breikkaður næst stöðvarhúsi. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Skipulagssvæði Sigöldustöðvar er um 108 ha að stærð.

Samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps 18. október 2023 og í sveitarstjórn Rangárþings ytra 13. september 2023.

Auglýsing um gildistöku skipulagsins hefur áður verið í birt í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 225/2024, útgefin 23. febrúar 2024. Með þessari birtingu fellur fyrri birting vegna málsins úr gildi.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. mars 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra,

Haraldur Birgir Haraldsson.